

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

#### *Vaðlaborgir A.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Vaðlaborgir A. Breytingin felst í að auka byggingarmagn á lóðum nr. 8, 9, 10, 11 og 12 þannig að hámarksstærð húsa verður 130 m<sup>2</sup> A-rýma og allt að 50 m<sup>2</sup> B-rýma í stað 85 m<sup>2</sup> áður, eins og fram kemur í erindi dags. 5. febrúar 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn 25. febrúar 2025.

#### *Heiðarsól 3 og 5.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Heiðarsólar í landi Sólbergs. Breytingin felst í að lóðir nr. 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð og byggingarreitir sameinaðir. Innkeyrsla á lóð nr. 3 fellur út og rotþró, sem staðsett er milli lóða nr. 3 og 5, verður staðsett innan sameinaðrar lóðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. júní 2025.

#### *Kotabyggð 48.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Kotabyggð. Breytingin felst í að heimiluð þakhæð fyrirhugaðs einbýlishúss á lóð nr. 48 (L202776) verður 75 cm hærrí en gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. apríl 2025.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 12. nóvember 2025.*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025